

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-79/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 1. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 10. október. Með bréfi, dags. 16. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 21. október. Með bréfi, dags. 27. október, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til þess til skila þeim til 10. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 11. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 20. september 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 1.330.000. Var bifreiðin af gerðinni Land Rover Range Rover Vouge, árgerð 2002, fyrst skráð 30. júlí 2002 og hafði við kaupni verið ekið 233.000 km. Segir álitsbeiðandi að fyrir kaupin hafi hann athugað og prófað bifreiðina og við það stuðst við lista á vefsíðum FÍB. Þrátt fyrir að innviðir bifreiðarinnar virtust mikið notaðir, t.d. virkaði geislaspilari, hiti í aftursætum og hiti í hægra framsæti ekki, þá hafi ekki borið á óhljóðum í vél og ekki hafi verið hægt að sjá kælivatn í olíu. Hafi niðurstaða athugunarinnar verið sú að um skynsamleg kaup væri að ræða og því hafi álitsbeiðandi keypt bifreiðina. Um þremur vikum eftir kaupin hafi kviknað vélarbilunarljós í mælaborði bifreiðarinnar. Fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði í bilunargreiningu. Sú greining leiddi í ljós að skipta þyrfti um öll hjól sem tímakedja hvíldi á. Gerði bifreiðaverkstæðið tilboð í verkið og hljóðaði það upp á kr. 428.733. Þá ráðlagði sama verkstæði að einnig skipt yrði um heddþakkingu. Tilboð í þá viðgerð hljóðaði upp á kr. 299.312. Segir álitsbeiðandi að ekki hafi enn verið ráðist í umræddar viðgerðir. Hinn 3. desember 2013 var bifreiðinni ekið frá Skagafirði og suður til Reykjavíkur. Í Vestur-Húnavatnssýslu stöðvaðist bifreiðin skyndilega og var ekki ökuhæf eftir það. Var bifreiðinni komið aftur til Sauðárkróks og þar skoðuð af verkstæði. Við skoðunina kom í ljós að sjálfskipting bifreiðarinnar var með öllu ónothæf. Vegna ýmissa vandkvæða við viðgerð var henni ekki lokið fyrr en 29. apríl 2014. Kostnaður við varahluti og vinnu nam kr. 632.799 og greiddi álitsbeiðandi þann reikning að fullu.

Hinn 10. júlí sl. sendi álitsbeiðandi seljanda bréf þar sem forsaga málsins var rakin og farið var fram á að seljandi tæki þátt í viðgerðarkostnaði á bifreiðinni. Svaraði seljandi því bréfi ekki. Í umræddu bréfi fór álitsbeiðandi fram á að seljandi greiddi helming viðgerðarkostnaðar. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi skaðabóta, sem nema helmingi útlagðs viðgerðarkostnaðar, sem og helmings fyrirleggjandi viðgerðarkostnaðar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af bréfi álitsbeiðanda til seljanda, dags. 10. júlí s.l. ásamt afriti af kaupsamningi og afsali.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að umrædd bifreið hafi verið 12 ára gömul og ekin 233.000 km þegar salan fór fram. Á þeim tíma sem salan fór fram hafi gangverð sambærilega bifreiða verið kr. 2.500.000., en ásett verð á umræddri bifreið hafi aðeins verið um kr. 1.700.000. Eftir að hafa fengið bifreiðina lánaða í tvígang til að framkvæma á henni ítarlega skoðun hafi álitsbeiðandi boðið kr. 1.330.000 fyrir hana og féllst seljandi á það. Segist seljandi á þessum tímamarki ekki hafa vitað til þess að neitt aðkallandi amaði að bifreiðinni umfram það sem álitsbeiðandi benti sjálfur á þegar hann var að semja um verð bifreiðarinnar. Bendir seljandi á að kröfur álitsbeiðanda séu óljósar og ekki hafi verið lögð fram nein áþreifanleg gögn um hvað ami að bifreiðinni. Þá komi ekki fram hve mikið bifreiðinni hafi verið ekið eftir kaupin. Byggi allur málatilbúnaður álitsbeiðanda á örökstuddum fullyrðingum sem seljandi mótmæli. Þá bendir seljandi á að þrátt fyrir að hafa staðið í meintum umfangsmiklum viðgerðum á bifreiðinni hafi álitsbeiðandi ekki séð ástæðu til að kvarta undan gallanum fyrr en um 9 mánuðum eftir kaupin. Rekur seljandi að álitsbeiðandi haldi því fram að vélarljós hafi kviknað um þremur vikum eftir kaupin og að hann hafi leitað til bifreiðaverkstæðis sem hafi sagt að skipta þyrfti um hjól sem héldu tímakedju. Ekki virðist umrætt ljós þó há bifreiðinni mikið þar sem ráða megi af álitsbeiðni að bifreiðin sé enn í notkun, þrátt fyrir að ekki hafi verið ráðist í þær viðgerðir sem verkstæðið stakk uppá. Þá komi ekki fram að vélarljósið geti þýtt margt fleira en að skipta þurfi um biluð strekkjarahjól. Þá telur seljandi að engar upplýsingar liggi fyrir um að nauðsynlegt sé að taka upp hedd bifreiðarinnar.

Seljandi rekur næst að álitsbeiðandi haldi því fram að sjálfskipting hafi gefið sig skyndilega þegar hann var á ferð í Húnavatnssýslu hinn 3. desember 2013. Síðan reki hann mikla harma- og mistakasögu í tengslum við viðgerð sjálfskiptingarinnar. Þrátt fyrir þetta hafi álitsbeiðandi ekki séð ástæðu til þess að hafa samband við seljanda. Telur seljandi það benda til þess að álitsbeiðandi sé ekki í góðri trú þegar hann krefur seljanda um viðgerðarkostnað nú löngu síðar. Þá bendir seljandi á að þegar keyptar séu jafn mikið eknar bifreiðar hljóti að þurfa að gera ráð fyrir því að gera þurfi við sjálfskiptingu þeirra fyrr eða síðar. Þá sé einnig ljóst að sjálfskiptingar séu viðkvæmar og hægt að eyðileggja þær með gamalli eða ónógri olíu eða hreinlega með því að draga of þunga hluti þannig að þær ofhitni eða gefi sig svo skömmu síðar.

Segir seljandi að ekkert mat hafi farið fram á skiptingunni fyrir viðgerð og því óupplýst hvers vegna hún hafi gefið sig eða hvaða viðgerða hafi verið þörf. Aðeins hafi verið lagður fram reikningur þar sem m.a. sé að finna liði eins og rafgeymi, frostlög og olúkæli sem séu viðgerð á sjálfskiptingu algerlega óviðkomandi.

Að lokum kemur fram að seljandi hafnar kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi geti ekki fallist á þær skýringar seljanda að kaupverð bifreiðarinnar hafi ráðist af slæmu ástandi hennar. Í andsvörum komi fram að það hafi ráðist af persónulegum fjárhagsörðuleikum seljanda. Þá hafnar álitsbeiðandi því að hafa fengið bifreiðina lánaða í tvígang. Seljandi hljóti að vera að rugla honum saman við annan áhugasaman kaupanda. Þá kemur fram í athugasemdum álitsbeiðanda að bifreiðinni hafði verið ekið 5.536 km frá

kaupum þegar vélarljós kviknaði í mælaborði hennar. Þá bendi gögn til þess að akstur frá kaupum hafi verið um 11.137 km eftir að viðgerð á sjálfskiptingu fór fram. Telur álitsbeiðandi jafnframt að hann hafi lagt fram nægjanleg áþreifanleg gögn og sannanir fyrir bilunum á bifreiðinni. Rekur álitsbeiðandi næst að hann hafi haft samband við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um kaupin strax daginn eftir að bifreiðin bilaði. Þegar álitsbeiðandi hafði aftur samband við bifreiðasalann skömmu síðar fullyrti bifreiðasalinn að hann hefði upplýst seljanda um málið. Álitsbeiðandi segist hins vegar ekki getað sannað þetta. Þá hafi bifreiðasalinn ráðlagt álitsbeiðanda að bíða eftir niðurstöðum bilanagreiningar og síðar endanlegum reikningi fyrir viðgerð á sjálfskiptingu ásamt áætluðum kostnaði við viðgerð á tímakedju og hjólum, áður en haft yrði samband við seljanda. Þá segist álitsbeiðandi ósammála staðhæfingum seljanda um að búast megi við því fyrr eða síðar að gera þurfi við sjálfskiptingar í bifreiðum sem eknar séu 233.000 km. Segist álitsbeiðandi að eigin mati hafa farið fram af sanngirni í málinu og haft samband við seljanda með formlegum hætti með það fyrir augum að ná sátt um málið. Seljandi hafi því miður ekki sé sér fært að svara umræddri beiðni. Því hafi álitsbeiðandi leitað til kærunefndarinnar.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 20. september 2013 fyrir kr. 1.330.000. Bifreiðin er árgerð 2002 og fyrsti skráningardagur hennar 30. júlí 2002. Bifreiðin var því rúmlega 11 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 233.000 þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Líkt og rakið er í álitsbeiðni kviknaði vélarljós í mælaborði bifreiðarinnar um þremur vikum eftir kaupin, að líkum um miðjan október 2013. Í kjölfar þessa var farið með bifreiðina á verkstæði og í kjölfarið lagði verkstæðið til að gerðar yrðu viðgerðir á bifreiðinni. Þær viðgerðir hafa ekki farið fram, en áætlaður kostnaður við þær er kr. 728.045. Hinn 3. desember 2013 bilaði sjálfskipting bifreiðarinnar. Tók viðgerðin rúma fjóra mánuði og var henni lokið hinn 29. apríl 2014. Greiddi álitsbeiðandi kr. 632.799 fyrir þá viðgerð. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði helming af bæði framkvæmdum og fyrirhuguðum viðgerðum á bifreiðinni, þ.e. kr. 680.422. Hinn 10. júlí 2014 sendi álitsbeiðandi síðan seljanda bréf þar sem hann bar fyrir sig galla á bifreiðinni og gerði framangreindar kröfur á hendur honum.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um tímafresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Þar segir orðrétt í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.“

Í greininni er kveðið á um að neytanda beri, án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var, að tilkynna seljanda að hann muni bera fyrir sig

gallann. Þá segir að frestur til þess sé aldrei styttri en tveir mánuðir. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup, segir m.a. um þetta atriði:

„Tveggja mánaða fresturinn byrjar að líða þegar neytandi uppgötvar gallann. Það er ekki nægilegt til að fresturinn samkvæmt ákvæðinu byrji að líða að neytandinn hefði mátt uppgötva gallann. Hætta er á að erfiðleikar komi upp varðandi sönnun á því hvenær neytandi varð gallans var í raun og veru. Ber að túlka ákvæðið með hliðsjón af því að ekki er hægt að gera jafnstrangar kröfur til neytanda og seljanda sem hefur atvinnu sína af sölu. Tveggja mánaða fresturinn byrjar að líða þó að neytanda sé ekki kunnugt um allar afleiðingar gallans, þar á meðal það hvaða kröfur hann getur gert vegna gallans.“

Kröfur álitsbeiðanda eru annarsvegar byggðar á kostnaðaráætlun verkstæðis í kjölfar skoðunar á bifreiðinni í október 2013, þ.e. um 8 mánuðum áður en álitsbeiðandi bar fyrir sig gallann við seljanda. Hins vegar eru kröfur álitsbeiðanda byggðar á kostnaði við viðgerð á sjálfskiptingu bifreiðarinnar sem lokið var við 29. apríl 2014. Sú viðgerð hófst hins vegar í byrjun desember 2013, ef marka má álitsbeiðni. Hefði álitsbeiðanda þannig mátt verða ljóst, ekki síðar en í lok desembermánaðar 2013 hvers eðlis var. Engu að síður kvartaði hann ekki undan þeim galla við seljanda fyrr en um 6 mánuðum síðar. Að framansögðu virtu er það mat kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hafi ekki kvartað undan galla á bifreiðinni án ástæðulauss dráttar í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Breytir þar engu um þótt álitsbeiðandi haldi því fram að hann hafi á fyrra tímamarki haft samband við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um kaupin, og beðið hann um að koma áfram skilaboðum um að hann teldi bifreiðina haldna galla, enda liggja engin gögn fyrir í málinu um þau samskipti. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir